**Ed.** **120. Frumvarp til laga**

um afnám laga nr. 127 9. des. 1941, um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Flm.: Kristinn E. Andrésson.

**1. gr.**

Lög nr. 127 9. des. 1941 skulu numin úr gildi.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Alkunnugt er, af hvaða tilefni þessi lög voru sett. Útgáfa af Laxdæla sögu, færðri til nútíma stafsetningar, hafði orðið hitamál í dagblöðum, áður en hún kom fyrir augu nokkurs manns. Frumvarp til laga, sem skyldi fela í sér bann við útgáfunni, var samið í miklum flýti og hraðað svo afgreiðslu frumvarpsins, að hvorki var leitað um það álits neinna manna, sem dómbærastir hlutu að vera a slíkt mál, né alþingismönnum gefinn tími til að átta sig á því, eins og umræður bera greinilega með sér. Hefur því komið í ljós, síðan lögin voru sett, að þau eru mjög vanhugsuð.

Í fyrsta lagi mun mjög orka tvímælis, að það samrýmist ákvæðum stjórnarskárinnar um prentfrelsi, að ríkið taki með löggjöf einkarétt á rituðu orði á Íslandi og geri kennslumálaráðuneytið að nokkurs konar ritskoðunarstofnun.

Í öðru lagi getur íslenzka ríkið ekki tekið einkarétt á útgáfu íslenzkra fornrita nema með samningum við önnur ríki, svo að utan Íslands eru lög þessi dauður bókstafur, og verða þá Íslendingar einir samkvæmt þeim réttlausari en hver útlendingur sem vera skal, og má gera þau algerlega marklaus, ef Íslendingar vilja fara í kringum þau með aðstoð útlendinga, sem þau ná ekki til.

Í þriðja lagi er ekki til nein „samræmd stafsetning forn“, heldur aðeins tilraunir síðari tíma manna að samræma stafsetningu á fornum ritum, en hún er, eins og kunnugt ætti að vera, mjög á reiki í handritum. Er og undarleg fjarstæða að vilja lögbjóða hér á landi forna stafsetningu á fornritunum og engu fremur ástæða til þess en lögbjóða fornan framburð, er þau eru lesin í heyranda hljóði.

Af þessum ástæðum og öðrum fleiri, sem greindar verða í framsögu, þykir hlýða að nema úr gildi þessi mjög svo hæpnu og umdeildu lög.